



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

17  
02 20  
22

# Shostakovitsj og Barber



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.**

**Tímalengd verka:**

Fíðlukonsert: 22'

Sinfónía: 27'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

**TVG-ZIMSEN**

17|02

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

RAUÐA RÖÐIN

# Shostakovitsj og Barber

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Kornilios Michailidis**  
hljómsveitarstjóri

**Valeriy Sokolov**  
einleikari

## Efnisskrá

Samuel Barber  
**Fiðlukonsert op. 14 (1939)**  
Allegro  
Andante  
Presto in moto perpetuo

## Hlé

Dímítrij Shostakovitsj  
**Sinfónía nr. 9 í Es-dúr op. 70 (1945)**  
Allegro  
Moderato  
Presto –  
Largo –  
Allegretto

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# Kornilios Michailidis

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22.

Kornilios stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusar-akadémiuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita og einnig við óperuhús, meðal annars *Töfraflautu Mozarts* við Teatro Real í Madrid, auk þess sem hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar.

Kornilios Michailidis hefur einnig komið víða fram sem píanóleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu og ásamt fiðluleikaranum Sergej Krylov. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands. Með Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hann meðal annars stjórnað fiðlukonserti Beethovens með Sigrúnu Eðvaldsdóttur og mun stjórna sjöundu sinfóníu Beethovens á tónleikum hljómsveitarinnar 24. mars næstkomandi.




# Valeriy Sokolov

## EINLEIKARI

Úkraínski fiðluleikarinn Valeriy Sokolov þykir meðal fremstu tónlistarmanna sinnar kynslóðar. Hann kemur reglulega fram sem einleikari með fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal hljómsveitinni Fílharmóníu, Evrópsku kammersveitinni, Sinfóníuhljómsveitunum í Birmingham, Cleveland og Tókýó, Fílharmóníusveitunum í Rotterdam og Seúl í Suður-Kóreu, Orchestre de Paris, BBC Symphony Orchestra og Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich.

Sokolov hefur starfað með hljómsveitarstjórum á borð við Vladimir Ashkenazy, David Zinman, Susanna Mälkki, Andris Nelsons, Peter Oundjian, Rafael Payare, Santtu-Matias Rouvali, Yannick Nézet-Séguin og Kirill Karabits. Hann hefur margsinnis komið fram á evrópskum tónlistarhátíðum, þar á meðal í Verbier, Lockenhaus og Lucerne. Valeriy kemur reglulega fram í helstu tónleikasölum heims, þar á meðal í Wigmore Hall í Lundúnum, Lincoln Center í New York, La Scala-óperunni og Musikverein í Vínarborg.

Verkefni Sokolovs í vetur eru meðal annars með Sinfóníuhljómsveitarinni í Bournemouth undir stjórn Kirill Karabits, hljómsveit San Carlo-leikhússins og SWRsinfóníuhljómsveitinni, auk þess sem hann þreytir frumraun sína með Fílharmóníusveitinni í Monte Carlo undir stjórn Cristian Măcelaru og Fílharmóníusveit Scala-óperunnar ásamt nánum samstarfsmanni sínum, Juraj Valčuha. Valeriy Sokolov kemur ennfremur reglulega fram á einleikstónleikum ásamt Evgeny Izotov sem og með eigin píanótríói ásamt sellóleikaranum Gary Hoffman.



# Samuel Barber

## FIDLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið Samuel Barber (1910–1981) öðlaðist heimsfrægð ungur að árum fyrir *Adagio fyrir strengi*, sem upphaflega var hægur kafli strengjakvartetts hans frá árinu 1936. Verk hans bera oft nýrómantískan blæ og í þeim eru lagrænir eiginleikar tónlistarinnar í forgrunni. Barber samdi fiðlukonsert sinn á árunum 1939–40 og var hann fyrsta verk tónskáldsins í konsertformi, en síðar bættust við konsertar fyrir selló (1945) og píanó (1962).

Forsaga verksins er sú að bandarískur auðkýfingur hafði tekið ungan fiðluleikara undir verndarvæng sinn og pantaði konsert hjá Barber fyrir skjólstæðing sinn. Barber tók beiðninni vel og samdi tvo fyrstu þættina í Sviss árið 1939. Hann sneri aftur til Bandaríkjanna þegar heimsstyrjöldin síðari braust út og þegar heim var komið sýndi hann fiðluleikaranum drög sín að fyrstu þáttunum tveimur. Eins ótrúlegt og það kann að virðast var einleikarinn síður en svo ánægður, sagði að tónlistin væri of einföld og að hann hefði kosið meiri virtúósabrag á verkinu. Skömmu síðar var lokapátturinn fullgerður og þá kvað við annan tón. Enn brást fiðluleikarinn ungi ókvæða við, en nú sagði hann tónlistina vera alltof flókna og kaflann algjörlega óspilandi.

Vandi tónskáldsins var ekki síst sá að auðkýfingurinn neitaði að borga fyrir verk sem ekki væri hægt að flytja. Þessu vildi Barber ekki una. Hann safnaði saman dómnefnd við Curtis-tónlistarháskólann, þar sem hann kenndi, og fékk ungan fiðlunemanda við skólann til að læra kaflann á nokkrum klukkutímum og leika fyrir virtustu kennara skólans. Þar með hafði Barber sannað mál sitt – verkið var sannarlega ekki „óspilandi“ – en skjólstæðingurinn ungi lék konsertinn víst aldrei opinberlega. Hann hljómaði fyrst á tónleikum Fíladelfíu-hljómsveitarinnar árið 1941 undir stjórn Eugene Ormandy, en einleikari var bandaríski fiðluleikarinn Albert Spalding.

Fyrsti og annar þáttur hafa sannarlega yfir sér ljóðrænt og heillandi yfirbragð. Þriðji kaflinn er einn glæsilegasti lokapáttur í fiðlutónlist 20. aldar. Tónarunur einleikarans halda áheyrendum í greipum spennu og eftirvæntingar, ekki síst þar sem hrynmynstrin eru síbreytileg og erfitt að segja til um hvað bíður handan við næsta horn.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlukonsert Barbers hefur aðeins tvísvar sinnum áður hljómað í flutningi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands. Sigrún Eðvaldsdóttir lék verkið í Háskólabíói árið 2003 og kanadíski fiðluleikarinn James Ehnes í Eldborg árið 2017.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið 9. sífóníu Shostakovitsj alls 10 sinnum. Meðal stjórnenda voru Bohdan Wodiczko (1966), Karsten Andersen (1976), Páll P. Pálsson (1984), Vladimir Ashkenazy (2001), Rumon Gamba (2006) og Pascal Rophé (2014), auk þess sem Bernharður Wilkinson stjórnaði henni á tónleikaferð í júní 1999.

# Dímítríj Shostakovitsj

## SINFÓNÍA NR. 9

Þegar heimsstyrjöldinni síðari lauk með sigri bandamanna árið 1945 vissi Dímítríj Shostakovitsj (1906–1975) upp á hár hvers ætlast var til af honum. „Sigursinfónía“ fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit, sambærileg við Níundu Beethovens – Jósef Stalín, aðalritari sovéska kommúnistaflokksins, bjóst ekki við neinu minna. Sovéska fréttastofan TASS sendi jafnvel út tilkynningu til fjölmiðla þá um sumarið þess efnis að Shostakovitsj hefði í smíðum sífóníu sem tileinkuð væri „hinum mikla sigri föðurlandsins“. Mikil hefur því undrun Stalíns verið þegar fréttir bárust til Moskvu af frumflutningi nýju sífóníunnar, því að hún var sannarlega annars eðlis en hann hafði vænst. Verkið er stutt, raunar stysta sífónía Shostakovitsj, og samið fyrir meðalstóra hljómsveit án kórs. Það sem meira er: Inntakið er eins langt frá því að vera mikilfenglegt eða hetjulegt og hugsast getur. Sífónían er oft glettin, léttúðug og stundum kaldhæðin, en snýst einnig á köflum upp í andhverfu sína og virðist þá lýsa djúpum harmi og sárum trega. Stjórnvöld vildu hvorugt heyra.

Almenningur tók þó verkinu feiknavei við frumflutningurinn í Leníngrad hinn 3. nóvember 1945 og þurfti að endurtaka þrjá síðustu þættina vegna mikilla fagnaðarláta. Sífónían var flutt í Moskvu þremur vikum síðar við álika góðar undirtektir. En hugmyndafræðingar Kommúnistaflokksins voru á öðru máli. Skömmu síðar var sífónían rædd sérstaklega í Tónskáldaráði Sovétríkjanna eins og tíðkaðist þegar tónskáld viku of langt frá flokkslínunni. „Ég tek þessu verki sem persónulegri móðgun,“ sagði tónlistarfræðingurinn Boris Asafjév við það tækifæri. Þegar flokksþing um tónlist var haldið ári síðar var fékk sífónían enn hörmulega útreið og árið 1948 var bann lagt við opinberum flutningi hennar ásamt fleiri verkum Shostakovitsj. Hún var á svörtum lista stjórnvalda í tíu ár.

Sovéski tónlistarfræðingurinn Daniil Zhitomirskíj var jafnaldri Shostakovitsj og í fámennu liði dyggra stuðningsmanna hans. Í endurminningum hans um tónskáldið segir hann: „Ég man hversu glöggt ég skynjaði að níunda sífónían er mögnuð tónsmíð. Skilaboð hennar voru tímabær, en þó ekki augljós. Á yfirborðinu var margt leikrænt og léttúðugt, en svo breyttist það einnig í djúpan harm. Sífónían sýndi fram á tilgangslaut tómarúmið í tilveru okkar.“

Segja má að meistarar klassíska skeiðsins séu fyrirmynd Shostakovitsj í verkinu. Í fyrsta þætti virðast Haydn og Mozart rétt innan seilingar, og að þessu leyti telur tónlistin til skyldleika við „Klassísku sinfóníuna“ eftir Prokofjev. Kímnigáfan birtist hér bæði í smáu og stóru. Básúna kynnir til leiks seinna meginstef kaflans (leikið á piccolo-flautu) með tveimur ákveðnum tön-um sem staðfesta nýja tóntegund. Þegar stefið snýr aftur í lok þáttarins tekst básúnuleikaranum ekki fyrir en í sjöundu tilraun að ná athygli hljómsveitarinnar og koma öllu á réttan kjöl. Þessar mislukkuðu tilraunir til að fanga athygli hinna hljóðfæranna eru hreinasti farsí, og þegar allt kemur til alls er það konsertmeistarinn sem tekur við stefinu í stað flautunnar áður.

Annar þáttur er hæglátur og íhugull; tréblásarar eru í forgrunni en þegar strengirnir taka við hljómar draugalegur vals, málaður dökkum litum. Í kjölfar lengsta þáttar sinfóníunnar kemur hinn stysti. Hér tekur fagott að sér hlutverk gamanleikarans, en grínið er langt frá því að vera bitlaust. Þriðji þáttur leiðir beint inn í þann fjórða þar sem tvö löng fagottsóló eru meginuppistaðan. Hér er engu líkara en að Shostakovitsj sé beinlínis að láta á það reyna hvort tónlist án texta geti verið svo hlaðin merkingu að skilaboðin komist áleiðis. Hver raunveruleg merking fagotttónanna er þarf þó hver að svara fyrir sig. Í lokabættinum setur tónskáldið aftur upp brosgrímunu. Tónlistin er að sínu leyti einföld en þó hárbeitt og stundum með dökkum undirtónum. Shostakovitsj hafði þegar hér var komið sögu áralanga reynslu af því að semja beitta og snarpa „sirkus“-músík sem hver sem á hlýðir fær að túlka með sínum hætti.

*Árni Heimir Ingólfsson*



Á DÖFINNI



**24-26|02**

FIMMTUDAGUR-FÖSTUDAGUR-LAUGARDAGUR

## Vínartónleikar

Tveir af helstu einsöngvarar Íslands koma fram á Vínartónleikum og fagna með okkur nýju tónlistarári. Herdís Anna Jónasdóttir og Gissur Páll Gissurarson flytja aríur og dúetta úr óperum og óperettum eftir Strauss, Zeller og Kálman, auk þess sem margir skemmtilegir valsar og polkar eru á efnisskránni. Hljómsveitarstjóri er Kornilios Michailidis. Vínartónleikar eru einir lífflegustu og skemmtilegustu tónleikar ársins. Fáðu þér gott sæti!



**02|03**

MIBVIKUDAGUR  
KL. 20:00

## Víkingur og Daníel

Þegar Víkingur Heiðar Ólafsson frumflutti píanókonsertinn Processions eftir Daníel Bjarnason á tónleikum 2009 var augljóst að ný kynslóð væri í þann mund að setja mark sitt á íslenskt tónlistarlíf. Eftir margvíslega sigra þeirra beggja á alþjóðlegri tónlistargrundu á undanförunum árum hefur Daníel nú samið nýjan píanókonsert fyrir Víking Heiðar. Tvö önnur nýleg verk eru á efnisskránni; Lollapalooza eftir John Adams og Clockworking eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Ekki missa af tímamótatónleikum!

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað á Rás 1.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**02|03**

MÍÐVIKUDAGUR  
KL. 20:00

# VÍKINGUR OG DANÍEL

Nýr píanókoncert Daníels Bjarnasonar  
ásamt nýlegum verkum frá Íslandi og  
Bandaríkjunum.

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson



Miðasala  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)

Sími  
**528 5050**

# 17 02 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,  
konsertmeistari  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Andrzej Kleina  
Ísak Ríkharðsson  
Laura Liu  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Lin Wei  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Guðnadóttir

## Víóla

Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

## Selló

Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Margrét Árnadóttir

## Bassi

Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Sólveig Magnúsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Louisa Slosar  
Bryndís Þórsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Abel Pérez Armas

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson

## Básúna

Oddur Björnsson  
Carlos Caro Aguilera  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi  
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi  
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri  
Daniel Bjarnason listamaður í samstarfi  
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld  
Vikingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkelsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri  
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Inga María Leifsdóttir markaðsfulltrúi  
Svanhvít Hrólfsdóttir fjármálastjóri  
Kristbjörg Clausen nótnavörður  
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna  
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir sviðsstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**24|02**

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

**25|02**

FÖSTUDAGUR  
KL. 19:30

**26|02**

LAUGARDAGUR  
KL. 16 & 19:30

# VÍNAR- TÓNLEIKAR

Sannkölluð veisla í Eldborg, þar sem  
valsar og polkar, gleði og glæsileiki  
gefa tóninn fyrir nýtt tónlistarár.

## EFNISSKRÁ

Óperettutónlist, valsar og  
polkar eftir Johann Strauss,  
Franz Lehár, Emmerich  
Kálman, Hans Christian  
Lumbye og fleiri

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Kornilios Michailidis

## EINSÖNGVARAR

Herdís Anna Jónasdóttir  
Gissur Páll Gissurarson



Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**